




Lögreglustjórinn á Suðurnesjum (LSS) og Vegagerðin gera með sér svohljóðandi samkomulag um verklag þegar veitt er undanþága frá ákvæðum reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007.

1. Vegagerðin veitir undanþágu frá reglum um lengd, breidd, hæð, heildarþyngd og áspunga ökutækis, sbr. 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007. Umsókn skal skila til Vegagerðarinnar á sérstökum eyðublöðum sem hún lætur í té.
2. Þegar umsókn er skilað skal framvísa vottorði um skráningu ökutækisins, hvenær það var síðast skoðað og hvort tryggingar eru í gildi. Ef flytja á hús þarf jafnframt að framvísa leyfi eða yfirlýsingu byggingarfulltrúa í umdæmi áfangastaðar.
3. Ef farmur sem flytja á er 30 m. eða lengri, 3,50 m. eða breiðari og 5.50 m. eða hærri, og Vegagerðin veitir undanþágu, skal farmflytjandi jafnframt óska eftir lögreglufylgd, sbr. 14. gr. reglugerðarinnar. Lögreglustjóri ákveður umfang fylgdar innan veggja sólarhringa frá því vitneskjan barst honum frá Vegagerð. Sá sem undanþágu fær til flutninga, skv. 13. gr. reglugerðarinnar, skal greiða fyrir kostnað vegna lögreglufylgdar sem lögreglustjóri metur að þurfa þyki við flutninginn. Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður verði greiddur fyrirfram eða sett verði trygging fyrir greiðslu sem hann metur gilda.
4. Tímasetning fylgdar skal ákveðin af LSS í samráði við lögregluembætti þar sem flutningur fer um.
5. LSS ákveður umfang fylgdar með tilliti til umferðaröryggis, hvort til að mynda dregið verði úr fylgd þegar farið er um vegi sem eru fáfarnir. Við þær aðstæður er rétt að meta hvort þörf er á fylgdarbíl sem farmflytjandi leggur til. LSS gefur flytjanda jafnframt fyrirmæli um nauðsynlegar merkingar vegna flutnings.
6. Þegar um er að ræða flutning sem ekki þarf fylgd lögreglu skv. 3. gr. ákveður Vegagerðin tilhögun fylgdar. Ef breidd á farmi er meiri en 3 m. en hún nær ekki 3.50 m, ber farmflytjandi ábyrð á því að honum fylgi bifreið með blikkandi vinnuljósum sem verði þannig staðsett að hún veki athygli annarra vegfarenda. Kostnað sem af þessu leiðir ber farmflytjandi.
7. Undanþága samkvæmt 1. gr. skal vera skrifleg og skal ökumaður farms geta framvísað henni meðan á flutningi stendur.
8. Ökutæki sem notað er við flutning og vagnlest skulu vera vel upplýst og áberandi eins og kostur er til öryggis fyrir aðra vegfarendur.
9. Endurskoðun verklagsins skal fara fram eftir því sem þurfa þykir og í samráði LSS og Vegagerðar.

F.h. LSS og Vegagerðarinnar, 01.06.2008

Skúli Jónsson
Aðstoðaryfirlögregluþjónn


Sigurður Hauksson
Deildarstjóri leyfisveitinga